



ÍSLENSK MÁLNEFND

Alþingi
Erindi nr. P 132/1383
komudagur 21. 3. 2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2006

Efni: frumvarp til útvarpslaga, 79. mál, íslenskt tal eða texti á íslensku.

Íslenskri málnefnd hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, með síðari breytingum og óskað er eftir álitni nefndarinnar á því.

Í 1. gr. laga nr. 2/1990 um Íslenska málnefnd með síðari breytingum segir svo:

Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.

Í því frumvarpi sem er til umræðu er lagt til að flytja megi erlenda söngtexta án þess að texti fylgi og getur nefndin fallist á það. Einnig getur Íslensk málnefnd fallist á að fréttum og fréttatengdu efni sé dreift án íslensks texta ef um stórmál er að ræða sem koma þarf þegar í stað til landsmanna. Þó skal alltaf leitast við að kalla til íslenska fréttamenn eða þýðendur svo fljótt sem unnt er sem geta endursagt eða þýtt þá viðburði sem til umfjöllunar eru. Útvarp og sjónvarp er ekki aðeins fyrir þá sem skilja misgóða ensku og misvel framborna.


Hvað íþróttaviðburði varðar telur Íslensk málnefnd að sá háttur sem nú tíðkast sé sá ákjósanlegasti, þ. e. að íslenskir íþróttamenn skýri viðburðina beint. Þeim ferst það yfirleitt vel úr hendi og ekki síður en starfsbræðrum (og -systurum) erlendis. Hún getur því ekki fallist á tilslökun á því sviði.

Íslendingar hafa alltaf reynt að íslenska þann orðaforða sem fylgir íþróttageinum. Þannig eignuðust þeir eigin orð yfir knattspyrnumálið fyrir miðja síðustu öld og yfir aðrar

Neshaga 16, ÍS-107 Reykjavík
~~Aragötu 9, ÍS-101 Reykjavík~~
Sími 552 8530 - Bréfasími 562 2699
Kennitala: 460876-0449

Íþróttagreinar eftir þörfum. Nú síðast hefur fjölgað íslenskum orðum í lýsingum á golfi og er það ekki síst að þakka góðum íþróttafréttamönnum útvarps og sjónvarps.

F.h. Íslenskrar málnefndar,



Guðrún Kvaran
formaður